

Gjaldskrá

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 9. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að sorphirðugjald verði 15.357 kr. og sorpförgunargjald 32.543 kr. samkvæmt samþykkt um sorphirðu. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að sorpförgunargjald á sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu verði 16.272 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á endurvinnslustöð:

- a) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- b) Íbúar Ísafjarðarbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir garðaúrgang.
- c) Gjald fyrir móttöku í endurvinnslustöð í Ísafjarðarbæ er:

Blandaður/grófur úrgangur, slóg/rækjuskel 30 kr./kg
Timbur 37 kr./kg

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist samkvæmt heimild 9. gr. samþykktar um sorphirðu í Ísafjarðarbæ, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1239/2017.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 6. desember 2018

Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri.